


Kennsluáætlun

EINELTI Á NETINU



NEMENDAHÓPUR:
12-16 ára

TÍMALENGD:
40 min - 1 klst.



KENNSLUMARKMIÐ

- Að nemendur geri sér grein fyrir að það sem er einu sinni komið á netið er ómögulegt að fjarlægja.
- Að nemendur séu meðvitaðir um alvarlegar afleiðingar eineltis á netinu.

KENNSLUPUNKTAR OG KENNSLUEFNI

Tilgangur þessarar kennslustundar er að fá nemendur til að hugsa áður en þeir setja eitthvað inn á netið. Þeir verða að gera sér grein fyrir að það sem er einu sinni komið á netið getur hver sem er séð og það er ómögulegt að fjarlægja það.

VEFSLÓÐIR

Á hjálparlínunni Netsvar.is er að finna nánari upplýsingar um einelti á netinu og helstu birtingarform þess.
<http://www.saft.is/netsvar/umraedur/18267/flokkur/13/52/>

Auglýsingarnar eru hægra megin og kallast: „Bulletin Board“ og „Everyone knows your name“

Þetta myndskaið sýnir gott dæmi um stúlku sem setur mynd af sér á tilkynningatöflu og hvernig það líkist því að setja eitthvað inn á heimasíður og hvernig fólk bregst við því sem hún setur á síðuna sína.

<http://www.prnewswire.com/mnr/adccouncil/26474/>

Þetta myndskaið sýnir hvernig heimurinn liti út ef við myndum segja allt sem við skrifum á netinu.

http://www.teachertube.com/view_video.php?viewkey=ad5f1309b31c56e2d5a8

Á þessari síðu er mikið magn upplýsinga um einelti á netinu og myndin „Let's fight it together“ sem fjallar um einelti og afleiðingar þess.

www.digizen.org.uk

Orðin: Bloggsíður, félagsnetsíður (social networking site), persónukynning á netinu (profile).

UNDIRBÚNINGUR

Ræddu um jákvæðar og neikvæðar hliðar netsins.

Börn og unglingar nota í síauknum mæli svokallaðar félagsnetsíður eins og *MySpace* og *Facebook* til að eiga samskipti við aðra. Á félagsnetsíðum eiga notendur sínar eigin netsíður og tengjast hver öðrum í gegnum síðurnar. Margir nýta sér þessar síður til að koma sjálfum sér á framfæri og því sem þeir eru að gera, t.d. tónlist eða fatahönnun. Aðrir deila myndum með öðrum eða taka þátt í umræðuhópum. Hins vegar er þekkt að óprúttnir aðilar noti félagsnetsíður til að komast í samband við börn og unglinga með annaralegar fyrirætlanir í huga. Þess vegna er mikilvægt að vera vel á verði.

Ræddu þau málefni sem geta komið upp þegar verið er að setja upplýsingar um einhvern annan á netið, t.d. brandara eða óæskilegar myndir.

Hvers vegna setur einstaklingur upplýsingarnar um annan einstakling á netið? (Verða vinsælli með því að gera lítið úr öðrum?)

Hvað er hægt að gera til að varna því að svoleiðis gerist? (Átta sig á afleiðingunum. Að setja sig í spor þess sem verður fyrir slíku og reyna að gera sér í hugarlund hvernig þolanda líður.)

VINNUHUGMYNDIR

Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir hversu alvarlegt einelti á netinu getur orðið og afleiðingarnar skelfilegar.

Hvað getur kennarinn gert? En aðrir nemendur? Hvað er að vera þolandi, gerandi, óvirkur gerandi eða hlutlaus áhorfandi? Skoðið myndskreiðin og ræðið hvað væri hægt að gera til að hindra einelti á netinu.

UMRÆÐUPUNKTAR

Ungu fólki finnst það oft „ósigrandi“ þegar það talar við aðra á netinu. Því finnst einnig að það losni við ýmsar hömlur og segi hluti sem það myndi ekki segja í hinum „raunverulega“ heimi. Ræddu hvers vegna það gerist og til hvers það getur leitt. Hvers vegna er auðveldara að segja hluti á netinu en við manneskju augliti til auglitis?

Ræddu hvað nemendur geta gert til að hindra einelti á netinu og hvað þeir eiga að gera ef þeir vita um einelti sem á sér stað á netinu. Hvað geta þeir gert?

ÍTAREFNI

Nemendur geta búið til plakat með hugmyndum um hvernig hægt er að hindra einelti á netinu.

